

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

924. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 11. október 2016 kl. 16:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Afgreiðslur:

1. Lögreglumál í Húnaþingi vestra og samskipti við 112.

Byggðarráð tekur undir áhyggjur lögreglumanna í Norðurlandi vestra af stöðu löggæslumála í umdæminu. Skv. Péttri Björnssyni formanni Lögreglufélags Norðurlands vestra eru fram undan námskeið hjá lögreglumönnum sem haldin eru í Reykjavík. Vegna fjárhagsstöðu embættisins eru menn settir á námskeiðið á þeim tíma sem þeir eiga að vera að vinna svo embættið þurfi ekki að borga yfirvinnu. Þar af leiðandi er látið vanta á vaktirnar. Beðið er svara frá Páli Björnssyni lögreglustjóra Norðurlands vestra við fyrirspurn sveitarstjóra þar sem beðið er um upplýsingar um hvaða daga er að ræða sem starfsmenn embættisins verða á námskeiði í Reykjavík á vinnutíma og hvernig löggæsla verður skipulögð þá daga.

Oddviti segir frá samskiptum sínum við Tómas Gíslason aðstoðarframkvæmdarstjóra 112. Byggðarráð bendir á að aðeins eitt neyðarnúmer er á Íslandi, 112. Því er mikilvægt að góð samhæfing sé á milli starfsmanna 112, fjarskiptamiðstöðvar og læknavaktarinnar.

- 2. 1610010 Lagt fram aðalfundarboð Grettistaks ses, Grettiseigna ehf. og Grettisbóls ehf.** sem haldnir verða þriðjudaginn 18. október nk. kl. 17:00 í fundarsal Ráðhússins. Sveitarstjóri er fulltrúi Húnaþings vestra á fundunum.
- 3. 1610018 Lagður fram til kynningar ársreikningur Reykjaeigna ehf.**
- 4. 1509101 Lögð fram til kynningar stöðuskýrsla frá Flugklasanum Air 66.**
- 5. 1610021 Lagt fram til kynningar tölvupóstbréf frá Ferðamálastofu** um kynningarfundu um stefnumótandi stjórnunaráætlanir í ferðaþjónustu sem haldnir verða víða um land á næstunni.
- 6. 1610001 Lagt fram til kynningar afrit bréfs til Veiðifélags Miðfirðinga frá Matsnefnd skv. lögum um lax- og silungsveiði,** þar sem kynnt er vettvangsferð sem farin verður 11. október.
- 7. 1610017 Vatnsnesvegur. Lagt fram bréf Sigurðar Þórs Ágústssonar, skólastjóra grunnskólans til Vegagerðarinnar** þar sem hann lýsir þungum áhyggjum af öryggi og velferð skólabarna á leið um Vatnsnes, veg nr. 711. Einnig lagt fram svarbréf Vegagerðarinnar.

Lögð fram eftirfarandi bókun: „Undanfarin ár hefur komum ferðamanna í Húnaþing vestra fjölgað mikið eða um 40% á ári. Þetta er að mörgu leyti jákvæð þróun og störfum við ferðaþjónustu á svæðinu hefur fjölgað mikið. Það er hins vegar mikið áhyggjuefni að aukin umferð ferðamanna veldur mjög miklu álagi á malarvegi í sveitarfélaginu, á sama tíma og sáralitlum fjármunum er varið í uppbyggingu og viðhald veganna. Nú er staðan orðin þannig að víða er vegakerfið komið að ystu þolmörkum, sérstaklega Vatnsnesvegur, sem er mjög vinsæl ferðamannaleið. Vegurinn er langur, erfiður og víða úr sér genginn og svo slæmur að daglegur ferðatími barna með skólabíl um þennan veg hefur lengst um allt að 35 mínútur. Við þá breytingu verður ferðatími þeirra skólabarna sem búa lengst frá skóla töluvert umfram 120 mínútur á dag, sem er viðmið samkvæmt reglum um skólaakstur. Ökuhraðinn er á köflum ekki meiri en tíu til tuttugu kílómetrar á klukkustund enda allt að tuttugu sentímetra djúpar holur á löngum köflum á Vatnsnesvegi. Kvarta sum börnin mikið undan bílveiki sem má rekja beint til þess að ástand vegarins er óboðlegt. Hafa foreldrar barna á Vatnsnesi rætt um að senda börn sín ekki í skólann nema ráðist verði í úrbætur. Álagið af völdum ferðamanna á Vatnsnesvegi og langvarandi skortur á viðhaldi vegarins hefur því orðið þess valdandi að illmögulegt er á tíðum fyrir sveitarfélagið að uppfylla kröfur um ferðatíma skólabarna, sem auðvelt væri að uppfylla væri vegurinn í góðu ástandi. Hér er sannarlega um að ræða mál þar sem reynir á samfélagsleg þolmörk ferðaþjónustunnar.

Byggðarráð áréttar að brýn nauðsyn er á því að ráðist verði án tafar í bráðnauðsynlegar úrbætur á Vatnsnesvegi og að gert verði ráð fyrir áframhaldandi varanlegum framkvæmdum, breikkun vegar og lagningu slitlags strax á árinu 2017 í samgönguáætlun árána 2015-2018, sem nú bíður samþykktar á Alþingi.

Sveitarstjóra falið að koma ofangreindu á framfæri við samgöngunefnd Alþingis, þingmenn kjördæmisins og frambjóðendur, ráðherra málaflokkanna, Samband íslenskra sveitarfélaga og Stjórnstöð ferðamála.“

8. **1610011 Lagt fram bréf Sýslumannsins á Norðurlandi**, þar sem óskað er eftir umsögn vegna leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Þorsteinn Sigurjónsson sækir um endurnýjun leyfis til að reka gististað í flokki II að Sæbergi í Húnaþingi vestra. Byggðarráð felur sveitarstjóra að svara erindinu í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
9. **1610016 Lagt fram til kynningar bréf kjörnefndar SSSNV** dags. 28. september sl. Unnur Valborg Hilmarsdóttir verður fulltrúi Húnaþings vestra í stjórn SSSNV 2016-2018 og Elín Jóna Rósinberg til vara.
10. **1610015 Lagt fram bréf frá Lífeyrissjóðnum Brú**, þar sem gerð er grein fyrir stöðu sjóðsins, sem gæti leitt til hækkunar mótframlags launagreiðanda í A-hluta sjóðsins. Einnig lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um sama efni.
11. **1610014 Lagt fram til kynningar bréf Innanríkisráðuneytisins** dags. 3. október sl. um form og efni viðauka við fjárhagsáætlun.
12. **1609042 Lagt fram tölvubréf frá tónsmiðjunni Kítón**, þar sem þakkað er fyrir veittan stuðning.
13. **1610009 Lagt fram tilboð í snjómokstur, samkvæmt verðkönnun Húnaþings vestra og Vegagerðarinnar.** Eitt tilboð barst frá Garðari Guðmundssyni. Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við Garðar á grundvelli tilboðsins.

Elín Jóna Rósinberg

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Elín R. Líndal

Guðný Hrunn Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir